

Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 14. október 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vestmannaeyjabæ um neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.17 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vestmannaeyjabæjar, Rangárþings eystra, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Hafrannsóknastofnunar, Vegagerðarinnar og Samgöngustofu.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja. Fyrirspurn um matsskyldu, mat á umhverfisáhrifum. September 2025.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi eystra dags. 14. nóvember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 18. nóvember 2025
- Hafrannsóknastofnun dags. 18. nóvember 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 19. nóvember 2025
- Vegagerðinni dags. 19. nóvember 2025
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 20. nóvember 2025
- Samgöngustofu dags. 4. desember 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 10. desember 2025
- Vestmannaeyjabæ dags. 6. janúar 2026

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 7. janúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Vestmannaeyjabær áformar að leggja neðansjávarvatnsleiðslu (NSL4) milli lands og Vestmannaeyja um 12,5 km leið til hliðar við núverandi leiðslu (NSL3). Pípan verður 8 tommur að þvermáli og þarf að grafa hana niður í fjöru að tengipunktum hennar annars vegar á Landeyjasandi og hins vegar í Skansfjöru. Mokað verður með sama efni og grafið var upp, aftur yfir pípunna og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku og ekki þörf á fyllingarefnum. Utan við um 30 m dýpi verður pípan lögð beint ofan á hafsbotninn og næst Vestmannaeyjum (eftir fyrstu 9 km frá fjöru Landeyjasands) verður hún skorðuð af með steiptum sökklum með um 50 m millibili. Næst landi við Landeyjarhöfn er til skoðunar að nota stuðningsmottur sem leggjast yfir pípunna. Til að hægt sé að leggja leiðsluna þarf veður og sjólag að vera hagstætt og stefnt er að því koma leiðslunni út sumarið 2026. Framkvæmdartími er áætlaður um 3 mánuðir.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af fyrirhugaðri legu neðansjávarvatnsleiðslu NSL4 (mynd fengin úr greinargerð framkvæmdaraðila)

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að tryggja þurfi að framkvæmdin hafi ekki áhrif á öryggi siglinga eða aðgengi að hafnarsvæðum. Einnig þurfi að liggja fyrir greining á áhrifum framkvæmdanna á leiðarmerki og siglingaöryggi. Auk þess þurfi að tryggja að hún valdi ekki varanlegri eða tímabundinni fyrirstöðu á sjó án viðeigandi merkinga. Vegagerðin bendir einnig á að auk samþykkis Samgöngustofu þurfi að tryggja samráð við Landhelgisgæslu Íslands vegna skráningar í sjókort. Ef framkvæmdin feli í sér búnað í sjó, tímabundinn eða varanlegan, eigi hann að vera greinilega merktur á yfirborði. Að mati Vegagerðarinnar geri fyrirbyggjandi gögn ekki fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á öryggi siglinga og leiðarmerki. Í matsskýrslunni séu siglingaleiðir ekki sýndar og ekki sé heldur fjallað um möguleg áhrif framkvæmda við vatnsleiðsluna á siglingar, þar á meðal á framkvæmdatíma. Æskilegt sé að unnið verði áhættumat á áhrif á siglingar og að siglingaleiðir og leiðarmerki verði rýnd og sýnd á sjókorti.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni hafa samráð við Landhelgisgæslu Íslands og Vegagerðina varðandi skráningar í sjókort og merkingar á yfirborði á búnaði í sjó. Fram kemur að ekki sé sérstaklega fjallað um siglingar í greinargerð fyrirspurnar en afstaða tengipunkts á Landeyjarsandi í um 2 km fjarlægð vestan við Landeyjarhöfn og stefna pípu frá landi komi fram á mynd 2.2 í greinargerðinni. Gera megi ráð fyrir að á opnu hafsvæði á milli lands og Eyja ætti framkvæmd við lagningu pípunnar ekki að hafa áhrif á siglingar um svæðið. Það sé helst þegar komi að því að tengja pípu í landi í Skansfjöru sem huga þurfi vel að skipulagningu og samvinnu aðila til að framkvæmdin hafi ekki áhrif á siglingar um höfnina í Vestmannaeyjum. Nokkur reynsla eigi að vera komin á sambærilegar framkvæmdir við innsiglinguna að höfninni í Vestmannaeyjum og vatnslögnin verði tekin í land á sama stað og eldri vatnslögn, NSL3. Samráð verði haft við Vegagerðina um þörf á gerð áhættumats siglinga og einnig um gerð og staðsetningu leiðarmerkja.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vestmannaeyjabæjar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nálægt landtöku í Vestmannaeyjum njóti Eldfellshraun sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga sem hraun frá nútíma en útbreiðsla lúpínu hafi þegar dregið úr verndargildi og breytt ásýnd hraunsins. Framkvæmdinni fylgi engin efnistaka og verði leiðslan lögð ofan á berggrunn á hafsbotni, tengipunktur leiðslunnar í Vestmannaeyjum verði í Skansfjöru og verði Eldfellshrauni ekki raskað og telur framkvæmdaraðili því að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að lagnaleiðin sé á nútímahrauni þar sem hún komi í land í Vestmannaeyjum en þar hafi hrauni þegar verið raskað og verndargildið því lágt.



Áhrif á vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan tveggja grunnvatnshlota; *Landeyjar (103-252-G)* og *Eldfell (103-242-G)* og strandsjávarhlotsins *Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103-1342-C)*. Ekki sé gert ráð fyrir aukinni vatnstöku vegna tilkomu leiðslunnar. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér hnignun viðkomandi vatnshlota og að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnafar.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að með umsókn um leyfi fyrir framkvæmdinni þurfi að fylgja áhrifamat á viðkomandi vatnshlot og bendir á leiðbeiningar stofnunarinnar um gerð áhrifamats¹. Mikilvægt sé að ástand vatnshlota hraki ekki við framkvæmdina enda séu umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að með umsókn um leyfi muni fylgja áhrifamat á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar.

Áhrif á gróður og fugla

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæði dæluhúss og leiðslu NSL4 í Bakkafjöru flokkist sem strandlendi og fjara og að helstu vistgerðir samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar séu sandstrandarvist, fjöruvist og strandmelhólavist. Svæðið þar sem leiðslan kemur í land á Vestmannaeyjum sé fjara og helsta vistgerðin þar fjöruvist. Fram kemur að Vestmannaeyjar séu á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða og fugla, þ.e. klóþangsfjöru að hluta og mikilvægra varpstöðva sjófugla. Klóþangsfjöru sé hins vegar ekki að finna nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Við framkvæmdir verði lítils háttar rask á landi en svæðin séu aðallega lítt grónar fjöru. Varðandi fugla þá kemur fram að tengin vatnsleiðslu í Bakkafjöru sé innan mikilvæga fuglasvæðisins *Suðurlandsundirlendi*, þar sem algengustu fuglategundirnar séu grágæs, heiðagæs, álft og blesgæs auk þess sem það sé varpland fyrir himbrima og skúm. Framkvæmdasvæðið sé þó í sandfjöru og að það sé ekki búsvæði lykiltegunda fuglasvæðisins. Í Vestmannaeyjum séu afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla og þar séu stofnar skrofu, stormsvölu og sjósvölu svo til eingöngu að finna í Vestmannaeyjum. Fram kemur að Ystiklettur, sem lagnaleið fari fram hjá sé á C-hluta náttúruminjaskrár vegna mikilla og sérstæðra fuglabyggða. Hins vegar sé Skansfjara þar sem vatnsleiðslan komi í land nú þegar röskuð sandfjara og þar sé ekki að finna lykiltegundir sjófugla. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á gróður og fugla.

Í umsögn sinni tekur Náttúrufræðistofnun undir með framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, vatnafar, gróður og fugla.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að engar skráðar fornleifar séu á framkvæmdasvæðinu og muni framkvæmdi því hafa óveruleg áhrif á fornminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tilkynninguna og telur að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Áhrif á loftslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að helstu áhrifaþættir vatnsleiðslunnar á loftslag séu losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu hennar og flutnings til landsins ásamt losun vegna vinnu við framkvæmdir. Á rekstartíma felist áhrifin helst í orkunotkun við að dæla vatni um leiðsluna en dælur séu rafmagnsknúnar sem feli ekki í sér mikla losun. Í tilfelli rafmagnsleysis séu vatnsdælur knúnar með varaafli úr díselraftstöð. Þar sem vatnstaka aukist ekki miðað við núverandi

¹ [Leiðbeiningar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot.](#)



ástand megi ætla að orkunotkun á rekstrartíma aukist lítið sem ekkert með tilkomu nýrrar leiðslu. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á loftslag veðri óveruleg.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vatnsleiðslan verði til hliðar við núverandi vatnsleiðslu og að mestu neðansjávar. Þar sem grafa þurfi skurði fyrir leiðsluna verði grafið yfir aftur með sama efni. Því megi búast við að ásynd svæðisins breytist afar lítið vegna framkvæmdanna. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á ásynd verði óveruleg.

Áhrif á samfélag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdir við vatnsleiðslu muni skapa tímabundin störf. Á rekstrartíma muni leiðslan styðja við afhendingaröryggi neysluvatns fyrir byggð í Vestmannaeyjum og muni hún einnig styrkja atvinnulíf í Vestmannaeyjum sem reiði sig á vatn í miklu magni, s.s. fiskvinnslu. Framkvæmdin sé því nauðsynleg og sé talin líkleg til að hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag í Vestmannaeyjum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er að hluta til innan Aðalskipulags Rangárbings eystra 2020-2032 og að hluta til innan Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035, en er að öðru leyti utan skipulags. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings eystra.² Fyrirhuguð framkvæmd er í ósamræmi við Aðalskipulag Vestmannaeyjabæjar en fram kemur að það sé villa í aðalskipulaginu varðandi legu vatnsleiðslunnar NSL3 og verði það leiðrétt og í leiðinni gert ráð fyrir fyrirhugaðri vatnsleiðslu, NSL4 sem muni liggja til hliðar við NSL3. Fram kemur að ekki sé þörf á deiliskipulagsgerð þar sem allar meginforsendur munu liggja fyrir í aðalskipulagi og hægt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar og Rangárbings eystra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og Samgöngustofu samkvæmt lögum um vitamál.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu 12,5 km langa neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.17 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar, mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum

² Breyting var gerð á texta, dags. 26. janúar 2026, eftir að ákvörðun var birt, þar sem áður stóð að framkvæmdin væri í ósamræmi við Aðalskipulag Rangárbings eystra.



og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil og felur ekki í sér mikla mannvirkjagerð. Lagnaleiðin er að hluta á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar, þar sem hún kemur í land í Vestmannaeyjum en þar hefur hrauninu þegar verið raskað og með vísan í umsögn Náttúrufræðistofnunar, er verndargildi þess lágt. Framkvæmdasvæðið er innan tveggja mikilvægra fuglasvæða, þ.e. í Landeyjum og í Vestmannaeyjum en framkvæmdirnar verða hins vegar á röskuðu svæði sem ekki er talið búsvæði lykiltegunda fuglasvæðanna. Helstu áhrif framkvæmdanna eru á framkvæmdatíma en eftir að framkvæmdum líkur verður lítilla áhrifa að gæta og ætti yfirborðið að færast í samt horf aftur. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að framkvæmdin komi til með að leiða til þess að þau vatnshlot sem framkvæmdin varðar nái ekki umhverfismarkmiðum sínum en tekur undir með Umhverfis- og orkustofnun um að gera þurfi áhrifamat fyrir vatnshlotin áður en til leyfisveitingar komi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. febrúar 2026.

Reykjavík, 20. janúar 2026

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

